

ALMENN SKRIFSTOFA.

Skrifstofan fjallar um rekstur ráðuneytisins, starfsmannamál þess og sameiginlega þjónustu. Einnig annast hún umsjón gagnavinnslu og almenna upplýsingamiðlun.

Skjala- og bókasafn.

Deildin sér um skráningu og varðveislu skjala og annarra gagna, ennfremur um bókasafn ráðuneytisins.

Þjónustudeild.

Deildin hefur umsjón og eftirlit með rekstri ráðuneytisins, afgreiðslu og ýmiss konar sameiginlegri þjónustu.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Hver skrifstofa hefur forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim.

Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá og um að koma upplýsingum til ráðherra og ráðuneytisstjóra. Gert er ráð fyrir nánu samráði milli skrifstofustjóra og deildarstjóra innan hverskrifstofu.

Alþjóðleg samskipti í skóla- og menningarmálum eru í höndum einstakra skrifstofa eftir eðli máls hverju sinni undir umsjón ráðuneytisstjóra.

Felld er úr gildi auglýsing nr. 516 frá 28. desember 1984, um skipulag menntamálaráðuneytisins, með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið, 7. maí 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.**

1. gr.

Við Háskóla Íslands starfar Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Stofnunin er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun og heyrir undir háskólaráð.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að vera vettvangur rannsókna og fræðslu um alþjóðamál.

3. gr.

Hlutverki sínu gegnir stofnunin einkum með því að:

- a) gera rannsóknáætlanir á sviði alþjóðamála og standa að framkvæmd þeirra,
- b) veita starfsmönnum stofnunarinnar og öðrum aðstöðu til rannsókna,
- c) gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum og fyrirlestrum um efni sem starfssvið stofnunarinnar varðar,
- d) vinna að útgáfu rita um alþjóðamál,
- e) hafa samvinnu við erlendar rannsóknastofnanir.

4. gr.

Háskólaráð skipar fimm menn í stjórn stofnunarinnar til þriggja ára í senn. Tveir skulu skipaðir af háskólaráði án tilnefningar. Félagsvísindadeild, lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild tilnefna einn stjórnarmann hver. Stjórnin ræður forstöðumann og annað starfslíð. Forstöðumaður skal hafa sérmenntun á fræðisviði stofnunarinnar.

5. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur umsjón með daglegum rekstri hennar. Jafnframt annast hann áætlanagerð og samræmir fjáröflunarleiðir. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn. Hann situr stjórnarfundi og hefur þar tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

6. gr.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann. Formaður boðar stjórnarfundi. Stjórnin ákveður m.a. rannsóknarstefnu stofnunarinnar, hefur eftirlit með starfsemi hennar og veitir fé til einstakra rannsóknaverkefna.

7. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) fjárveitingar á fjárlögum,
- b) styrkir til einstakra verkefna,
- c) greiðslur fyrir verkefni,
- d) gjafir,
- e) annað.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett sbr. heimild í 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands, sbr. háskólaireglugerð nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 4. maí 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu uppbótar á atvinnuleysisbætur.

1. gr.

Á árunum 1990 og 1991 skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða uppbót á atvinnuleysisbætur samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Uppbótin reiknast þannig að fundið er meðaltal dagpeninga á mánuði á tímabilunum 1. febrúar til 30. apríl 1990, 1. september til 30. nóvember 1990 og 1. febrúar til 30. apríl 1991. Barnadagpeningar reiknast ekki með. Sú upphæð, sem þannig fæst er dregin frá kr. 60 000 miðað við fullar bætur allan viðmiðunartímann. Viðmiðunaruþphæðin lækkar í hlutfalli við